

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Heiðarborg



2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	4
2 Um innra mat í leikskólum.....	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári	11
3 Ytra mat	15
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	16
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Foreldrasamvinna	19
8 Samstarf leik- og grunnskóla	19
9 Skipulagsdagar 2018-2019 verða sex.	19
10 Fylgigögn.....	21
10.1 Matsgögn.....	21
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	27

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: vinátta – gleði - virðing

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Haustið byrjaði með ágætum. Við fengum nýjan aðstoðarleikskólastjóra til starfa í lok ágúst, sem var kærkomið þar sem fráfarandi hafði látið af störfum ári áður. Aðlögun gekk vel og þennan veturinn voru börnin 67 í stað 80 og starfsmannafjöldinn í samræmi við það.

Veturinn var þungur, töluvert um veikindi starfsmanna sem jók álagið á deildunum og urðum við að senda börn heim bæði fyrir og eftir áramót. Starfsfólkið hélt í léttleikan og húmorinn, stóð þétt saman og lét ekki deigan síga. Það á sannarlega heiður skilið ☺

Vetrarstarfinu var skipt niður í tímabil sem hvert innihélt ákveðið þema.

- Haustið og vináttan
- læsi/ljóð og málrækt
- ljós og skuggi
- gamli tíminn
- heilbrigði og hreysti
- fuglar og önnur dýr
- menning og samfélag
- Astrid Lindgren
- sumarskóli

Margt er líkt á milli ára. Á haustin voru teknar upp kartöflur, rífsberin tínd af trjánum og þau sultuð ásamt rabarbara, slátur tekið svo úr verður lifrarpýlsa og blóðmör. Einnig var sviðasulta töfruð fram, smákökur bakaðar fyrir jólin og laufabrauð skorin út. Elstu börnin kynntu sér m.a. starfsemi Sorpu og nauðsyn flokkunar og hugrakkir fjögurra ára krakkar skoðuðu skordýr í Húsdýragarðinum. Einnig vorum við með Fljúgandi teppi sem við fléttuðum að þessu sinni við þema Grænafánaverkefnisins *Hnatatrænt jafnrétti*.

Ekki dró úr metnaði og áhuga starfshópsins sem fann sífellt upp á skemmtilegum nýjungum. Einn starfsmaðurinn tók sig til og saumaði nýja búninga fyrir helgileikinn okkar, sem er árviss viðburður. Heiðarborgarkórinn var virkur og eftirsóttur á haustönn og óskaði Árbæjarkirkja aftur eftir samstarfi hans á aðventukvöldi. Að þessu sinni sungu börnin einnig með kirkjukórnum sem var svo fallegt að fullorðna fólkið táraðist. Þessi þátttaka var að sjálfsögðu valkvæð og undir foreldrum komið að mæta með börnin á staðinn. Starfsfólkið tók tæknina meira í sína notkun og voru skemmtilegir bolta- og hreyfileikir búnir til með skjávarpa og tölvu, skuggabrúður og fleira föndrað í skammdeginu. Við dönsuðum saman undir dynjandi harmonikkutónlist á þorranum og í kjölfarið föndruðu börnin harmonikkur, víkinga og víkingaskip. Í tannverndarviku voru unnin fjölmörg verkefni og við fengum góða gesti, bæði þekktu og nýja. Hundurinn Ljúfur kom aftur í heimsókn til að sýna börnunum hvað hann væri góður að lofa eigandanum að tannbursta sig og í ár komu trúðurinn Bessý hér við á leið sinni til Tannsteins tannlæknis.



Eftir páskafrí var leiðinleg aðkoma að leiksvæðinu okkar þar sem einhverjir höfðu tekið sig til og rífið upp allan gróður sem gróðursettur var síðastliðið haust. Börnin í elsta árgangi leikskólans skrifuðu því bréf til barnanna í Selásskóla sem þau afhentu síðan formlega. Í bréfinu báðu börnin um aðstoð annarra barna í hverfinu við að passa upp á leiksvæðið í Heiðarborg.

Á vordögum vorum við með skemmtilega daga kennda við Astrid Lindgren. Þá voru sögur Astridar lesnar, lög um Línu, Emil og fleiri sungin, smíðaskemmur föndraðar og þeir sem vildu prófa að borða eins og Lína, þ.e. liggjandi upp á borði og með matinn á stólnum, máttu það. Einn starfsmaður saumaði dúkku á stærð við fjögurra ára barn og var henni flaggað í fánastöngina eins og Emil í Kattholti gerði við ídu systur sína. Heiðarborg hefur tekið þátt í Barnamenningarhátíð frá upphafi en í ár settu kennarar einnig upp sýningu í Ársafni á verkum barnanna og er það í fyrsta sinn sem það er gert. Síðast en ekki síst kom danskennari og fékk okkur til að dilla okkur og dúka. Í ár prófuðum við að skeyta saman danssýningunni og menningarmótinu og dönsuðu börnin fyrir foreldra sína úti í garði. Það heppnaðist vel og allir ánægðir. Næsta vetur mun dansinn fara fram á haustönn og er það liður að umbótum í kjölfar innra mats, þar sem margt er í gangi á vorönn og getur það skapað álag að koma öllu fyrir.



Við vorum svo heppin að hafa tvo leikskólakennaranema í starfsmannahópnum í vetur og auðgaði það starfið mikið. Það hafði meðal annars í för með sér blómstrandi tónlistarstarf. Við lærðum ný hristulög, föndruðum fjölda hljóðfæra og börnin spiluðu mikið undir í leik og söng. Miður skemmtileg er hins vegar lúsin sem var nokkuð þrálátur gestur hjá okkur. Það dugar þó ekki að ergja sig á því en þegar tímabilinu lauk var slegið upp lúslökahátíð með pompi og prakt.



Í ár sóttum við, í fjórða sinn, um leyfi til að flagga grænfánum og var hann dreginn að húni á sumarhátíðinni okkar sem haldinn var 15. júní að viðstöddu fjölmenni. Í ár unnum við með „hnattrætt jafnrétti“ og nálguðumst við málefnið með matinn og vistsporið í huga, þ.e. hversu langa leið þarf maturinn að fara frá upprunastað og til okkar. Öll elstu börnin í skólanum eiga sæti í umhverfisnefndinni ásamt einum starfsmanni af hverri deild, verkefnastjóra og foreldri. Fundað er einu sinni í mánuði frá september og fram í maí.

Hlúð var að eigninni á tímabilinu og eitt og annað gert til að bæta vinnuaðstöðu. Hljóðvistin í salnum var tekin í gegn - þvílíkur munur –, salurinn, ásamt tveimur deildum, málaður og gardína sett fyrir þakluggann. Unnið er áfram að skiptiaðstöðunni á yngri deildum, garðurinn var kláraður (gróðursetning) og húsið sjálft háprýstipvegið, múrað og málað. Fyrir ári síðan var ákveðið í tengslum við fjölmenningu að setja „velkominn“ á hinum ýmsu tungumálum og tré skreytt fánum á einn vegginn í salnum og var því einnig hrint í framkvæmd á starfsárinu.

Hugað var að heilsuefingu á starfsárinu, starfsfólk tók þátt í heilsuþingum og boðið upp á ávexti í kaffistofunni þegar heilsuleikar Reykjavíkur stóðu yfir. Ákveðið var að bjóða upp á vinnustaðanudd í desember þar sem hver einstaklingur fékk 15 mínútna herðanudd og slökun í vinnutíma. Þetta mæltist vel fyrir og endurtókum við leikinn á vorönninni. Að auki var ýmislegt gert til að efla starfsanda og liðsheild, sem dæmi má nefna að starfshópurinn brá á leik í Reykjavík Escape og Keiluhöllinni, fór saman í sumarbústað og hélt grillparty. Brugðið var út af vananum á jólagleði starfsmanna og fór hópurinn á jólahlaðborð á Vox. Eftirminnileg var svo heimsókn okkar í leikskólann Sæborg enda alltaf gaman að heimsækja aðra leikskóla. Þetta var ferð sem veitti innblástur og kveikti hugmyndir.


Skemmtilegur vetur er að baki og sumarið komið, sem einkennist af fjölbreyttum verkefnum í garði s.s. gróðursetningu og útinámsferðum. Við horfum bjartsýnum augum á komandi vetur því hér er frábært starfsfólk, yndisleg börn og foreldrar sem við eigum í góðu samstarfi við.



2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er mat lagt á skólastarf byggðu á **skólanámskrá** leikskólans og/eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru skilgreindar hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Innra mat Heiðarborgar 2017-2018

Heiðarborg er einn leikskóli og því er matið unnið sem slíkt. Hver deild svarar matsblöðum fyrir sig og síðan eru niðurstöður teknar saman. Niðurstöðurnar hér að neðan eiga því við um allan leikskólann.

Matstæki	Framkvæmd	Helstu niðurstöður	Umbætur
HLJÓM-2 Að leita eftir hvort barn sé í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika	BÖRN – SEPTEMBER/OKTÓBER: Börn fædd 2012 svöruðu Hljómprófi	Niðurstaðan er að 36% barna komu út með slaka færni, 27% með meðalfærni og 36% með góða færni. Í lok skólaárs voru öll þau börn sem höfðu mælst með slaka færni að hausti komin í meðalfærni.	Halda áfram að bjóða upp á málörvun fyrir öll elstu börnin. Skila niðurstöðum vel til foreldra í foreldraviðtali að hausti og fylgja eftir með ráðleggingum um málörvun heima.
EFI-2 Að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik.	BÖRN – HAUST: Börn fædd 2014 svara EFI-2 prófi (tvítyngd börn og börn með málþroskavanda svara en vegna viðmiða úr handbók eru þau ekki talin með)	Prófið er tvískipt, annars vegar skilningur og hins vegar tjáning. Skilningur: Mjög slök og slök geta 9%, meðal og góð geta 91% Tjáning: Mjög slök og slök geta 18%, meðal og góð geta 82%	Halda áfram að bjóða upp á málörvun fyrir börn með slakan málþroska. Skila niðurstöðum vel til foreldra í foreldraviðtali að hausti og fylgja eftir með ráðleggingum um málörvun heima.
TENGLAKÖNNUN BARNNA Að athuga hvort börnin hafi myndað vinatengsl við önnur börn	BÖRN – HAUST: Kennarar á eldri deildum spyrja börnin á deildinni hverjir vinir þeirra eru.	Öll börn á eldri deildum töldu sig eiga vin og öll börnin voru nefnd sem vinur einhvers annars.	Halda áfram að efla vináttu meðal barnanna.
ECERS Leikur og viðfangsefni	STARFSFÓLK – SEPTEMBER: Starfsfólk svarar Ecers kvarðanum í hópum og faglegar umræður eiga sér stað	Meðalskor var 5,55. Verst komu út þættirnir <i>hlutverkaleikur og mismunandi menning með 3 stig</i> og <i>finhreyfingar/skynjun og hlutverkaleikur</i> með 4 stig	Leikumhverfið og leikföngin voru skoðuð og endurnýjuð skv. niðurstöðum listans.
GÁTLISTI Að leita eftir viðhorfi starfsfólks gagnvart samstarfi við foreldra af erlendum uppruna.	STARFSFÓLK – NÓVEMBER Starfsfólk fyllti út gátlista á deildarfundum eftir faglegar umræður	Samstarf við foreldra af erlendum uppruna er mjög gott að mati starfsfólks. Við mættum þó hvetja þá meira til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess.	Hvetja erlenda foreldra til að taka þátt í því sem er í gangi með því að ræða persónulega við þá fyrir atburði?
STARFSMANNASAMTÖL Að leita eftir líðan starfsmanna, ræða þróun þeirra í starfi og gefa endurgjöf	STARFSFÓLK – MARS TIL MAÍ Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku samtölin.	Starfsfólki líður vel, starfsandi er góður, samskipti starfsfólks jákvæð, samvinna góð, virðing og jafnræði ríkja, fólk metið að verðleikum og hlustað á skoðanir þeirra. Álag á starfsfólki sökum manneklu.	Höldum áfram að gera vel. Manneklu mætt eins og hægt er.

ENDURMAT VETRARINS Að meta vetrarstarfið	STARFSFÓLK – JANÚAR OG MAÍ: Starfsfólk fór yfir framgang vetrarins á deildarfundum og fyllti út endurmatslista	Gekk nokkuð vel en veturinn þungur vegna manneklu svo þættir eins og flæði og hópastarf féll of oft niður. Vera vakandi yfir vaktaplani starfsmanna.	Stjórnendur fari reglulega yfir og samræmi vinnutíma starfsfólks við viðveru barna. Manneklu mætt eftir því sem hægt er.
GÁTLISTI umhverfismennt	STARFSFÓLK – MARS Starfsfólk fyllti út gátlista á deildarfundum eftir faglegar umræður.	Hvetjum börnin til að flokka og virða umhverfið. Einhver matarsóun og pappírseyðsla í gangi	Kenna börnunum að skammta sér minna á diskinn og nýta blöðin betur t.d. með því að teikna báðum megin.
FORELDRAKÖNNUN Að leita eftir viðhorfi foreldra gagnvart leikskólanum	FORELDRAR – HAUST OG VOR Foreldrar svara viðhorfskönnun sem send var á rafrænu formi	Foreldrar almennt mjög ánægðir. Um 20% nýrra foreldra fannst þeir ekki nógu upplýstir um starfshætti og hugmyndafræði skólans.	Setjum reglulega punkta um hugmyndafræði leikskólans á Fésbókarsíðuna eða upp í fataklefa
VIÐHORFSKÖNNUN Að leita eftir viðhorfi starfsfólks gagnvart þeim móttökum og þjálfun sem þeir fá þegar þeir hefja störf	NÝTT STARFSFÓLK – OKTÓBER Nýtt starfsfólk svarar viðhorfskönnun varðandi móttökur og þjálfun í upphafi starfs	Nýliðar voru mjög ánægðir með móttökurnar og upplifun þeirra fyrstu dagana var góð.	Móttökuáætlun nýliða verður fylgt áfram.
VIÐHORFSKÖNNUN BARNNA Að leita eftir viðhorfi barna til innra starfs leikskólans	ELSTU BÖRN LEIKSKÓLANS – VOR Viðtal tekið við elstu börnin og þau spurð um þeirra skoðun á ýmsum hlutum dagsskipulagsins	Börnin óska eftir því að þurrskáparnir fari annað og hillur komi í þeirra stað einnig vilja þau skreyta fataklefann með glimmeri, límmiðum, gulli og silfri.	Fyrirhugað er að fjarlægja þurrskápana enda lítið notaðir.
GÁTLISTI Viðmót og menning leikskólans	STARFSFÓLK – NÓVEMBER Starfsfólk fyllti út gátlista á deildarfundum eftir faglegar umræður	Afslappandi andrúmsloft, jákvæður andi, kurteisi og almenn gleði einkennir starfsmannahópinn.	Höldum áfram á þessari góðu braut.
INNRA MAT LEIKSKÓLANS Að meta gæði og afrakstur innra mats leikskólans	STJÓRNENDUR – APRÍL Stjórnendur ræða framkvæmd og eftirfylgni innra mats leikskólans og svara gátlista	Mikill tími fer í að meta og er það svolítið íþyngjandi fyrir vikið. Deildarstjórar gæti þess að kynna niðurstöður endurmats fyrir starfsfólki. Vantar að aðlaga hina ýmsu lista að starfsfólki og foreldrum af erlendum uppruna.	Niðurstöður innra mats verði markvisst teknar til umræðu á deildarfundum. Matsáætlun verður einfölduð. Listar þýddir á önnur tungumál.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Áætlun um úrbætur	Ábyrgð	Hvenær	Endurmat
Stjórnun	Vera vakandi yfir vaktaplani starfsmanna. Fara þarf reglulega yfir og samræma vinnutíma starfsfólks og viðveru barna.	Leikskólastjóri Stjórnendur	Skólaárið 2018-2019 1x í mánuði	Vor 2019
Uppeldis- og menntastarf	Tala persónulega við foreldra af erlendum uppruna fyrir skipulagða atburði og hvetja þá til að taka þátt. Vera vakandi yfir því að kenna börnunum að skammta sé lítið á diskinn í einu og fá sér frekar oft. Hvetja börnin til að nýta blöð mun betur.	Stjórnendur	Skólaárið 2018 - 2019	2019-2020
Mannauður	Auka efnivið sem endurspeglar margbreytileika mannlífsins.	Stjórnendur	Skólaárið 2018-2019	2023-2024
Leikskólabragur	Setja reglulega smá lesningu um hugmyndafræði leikskólans á Fésbókarsíðu leikskólans eða í fatahengi.	Stjórnendur	Skólaárið 2018-2019	2019-2020
Innra mat	Niðurstöður innra mats verða markvisst teknar til umræðu á deildarfundum. Matslistar verði þýddir á önnur tungumál.	Stjórnendur	Skólaárið 2018-2019	2020-2021



Matsteymi skólans náði að hittast nokkrum sinnum yfir veturinn til að yfirfara og einfalda matsáætlunina og gera nýja fínþúsáða fimm ára áætlun.

Matsáætlun skólaársins 2018 – 2019

Mat á starfi leikskólans er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum. Matið tekur mið af markmiðum og gildum úr aðalnámsskrá leikskóla 2011.

Mats- þáttur	Markmið	Matstæki	Viðmið	Þátttakendur	Hvenær
Stjórnun	- Að greina tækifæri til umbóta - Að bæta stjórnunarhætti - Að tryggja faglegt samstarf - Að samræma vinnubrögð	Endurmatslisti (Haust og vor) (Heilbrigði og vellíðan)	Að starfshættir séu í sífelldri endurskoðun og tækifæri til umbóta nýtt	Starfsfólk og stjórnendateymi	Haust og vor
Uppeldis- og menntastarf	- Að tryggja að unnið sé markvisst með allar greindir - Að tryggja starf sem eflir gagnrýna hugsun og þroska barnanna - Tryggja að vinnubrögð einkennist af jafnrétti fyrir alla hópa - Tryggja að unnið sé eftir aðalnámsskrá - Tryggja að lagður sé grunnur að menntun til sjálfbærni	Endurmatslisti (Haust og vor)	Að unnið sé með allar greindir Að farið sé eftir starfsáætlun	Starfsfólk	Haust og vor
		Gátlisti 1	Að 80% svörun sé jákvæð	Starfsfólk	Júní
		Hljóm-2 EFI-2 Tengslakönnun Einstaklings- námsskrár	Samkvæmt viðmiðum Hljóm-2 og EFI-2. Að öll börn á eldri deildum eigi amk. einn vin	Deildarstjórar Sérkennarar	Október og Mars
		Viðhorfskönnun barna	Að börnin finni að þau geti haft áhrif á eigið nám og starf	Elstu börn leikskólans	Mánaðarlega
Mannauður	- Leita leiða til að auka starfsánægju - Að tryggja fagleg vinnubrögð - Að hæfileikar hvers og eins séu nýttir og fái að njóta sín	Viðhorfskönnun starfsfólks	Að 85% starfsfólks sé ánægt	Starfsfólk	Apríl
		Viðhorfskönnun nýrra starfsmanna	90% starfsmanna séu ánægðir.	Nýliðar	Nóvember
		Starfsþróunar-samtöl deildarstjóra og leikskólastjóra	Að starfsfólk fái endurgjöf á störf sín, fái tækifæri til að þróast sífellt í starfi og hafa áhrif á starfsumhverfi sitt.	Starfsfólk	Haust og vor

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

Lundur 1-3 ára börn.

Haustið byrjaði, að venju, á aðlögun og var á tímabili nokkuð fjölmennt á deildinni vegna barna sem ekki voru farin á eldri deildir. Þessu skipulagi fylgdu ákveðnir árekstrar sem unnið var með jafnóðum. Að aðlögun lokinni voru 13 börn á deildinni, níu fædd 2015 (fimm stúlkur og fjórir drengir) og fjögur 2016 (ein stúlka og þrír drengir) en þeim fækkaði um eitt barn kringum áramótin. Strákarnir voru sjö og stelpurnar sex (fækkaði í fimm). Stöðugildin voru 2,7.

Dagskipulagið gekk almennt vel og fékk frjálsi leikurinn gott rými. Unnin voru þemaverkefni með börnunum á öllum stundum dagsins. Börnin virtust njóta stundanna og sýndu áhuga. Haustönnin fór aðallega í aðlögun og því að kenna börnunum að vera í hópi en á vormánuðum var flæðið innan deildarinnar orðið mjög flott. Morgnarnir nýttust sérlega vel í skapandi starf sem og tíminn í og eftir hvíld þegar börnin í rólegheitum vöknúðu eitt af öðru.



Útiveran var föst að morgni og lengdist og styttest eftir veðri. Þegar voraði fórum við í gönguferðir í nágrenni leikskólans og hafa þær verið einstaklega fræðandi og skemmtilegar.

Allir viðburðir vetrarins, s.s. kaffiboð og aðrir viðburðir í sal, gengu vel og voru vel sóttir af foreldrum og öðrum gestum barnanna.

Brúðan Engilráð heimsótti okkur nokkuð reglulega og ræddi um hugðarefni mánaðarins og deildarbangsinn okkar hann Lúlli fór tvisvar sinnum heim með hverju barni eftir áramótin. Lubbastund var síðan 1-2 í viku og börnin fljót að læra táknið.

Tónlistarkennarinn, kom með gítarinn sinn einu sinni í viku þar sem hann söng og spilaði með börnunum. Þessar stundir voru upplífandi og notalegar.

Starfsfólk deildarinnar starfaði saman sem ein heild í allan vetur. Hér eru kjarnakonur á ferð, lausnamiðaðar og útsjónasamar.

Brekka. 1-3 ára börn.

Á Brekku voru að staðaldri 14 börn í vetur, fimm stúlkur og níu drengir, sem skiptust þannig eftir árgöngum:

2014 – fjórir drengir

2015 – fjórir drengir og fjórar stúlkur

2016 – einn drengur og ein stúlka

Haustið einkenndist af mikilli starfsmannaveltu sem börnin fóru ekki varhluta af. Í október skapaðist ró á deildinni þegar festa komst á starfsmannahópin sem vann vel saman, vissi hvað þurfti að gera og gekk í störf.

Við gerðum ýmislegt með börnunum s.s. klippa, mála, líma, fórum í könnunar- og hlutverkaleiki, pússla og leira, syngja og spilað með tónlistarkennaranum okkar, sem kom einu sinni í viku, og fleira.



Samverustundirnar féllu aldrei niður og útiveran var alla morgna. Ferðabangsinn okkar hann Þjakkur fór heim til barnanna á nýju ári og Engilráð kom til okkar með góð ráð. Þetta og meira til einkenndi vetrarstarfið okkar á Brekku. Aðlögun hefur þegar hafist hjá okkur, þrjú lítil börn hafa bæst í hópinn og gengur vel. Börnin hafa notið sumarstarfsins og elstu börnin eru búin að fara í skemmtilegar ferðir.

Við förum jákvæðar inn í sumarið með þá von í brjósti að næsti vetur verði góður.

Laut 3-5 ára börn

Deildin samanstóð af 21 barni, 10 drengjum og 11 stúlkum.

Sjö börn eru fædd árið 2012, fimm stúlkur og tveir drengir.

Átta börn fædd 2013, sex stúlkur og tveir drengir.

Sex drengir fæddir árið 2014.

Starfsmenn deildarinnar voru þrír, einn leikskólakennari, sem jafnframt var deildarstjóri, og tveir leiðbeinendur. Að auki voru tveir þroskaþjálfar sem sinntu sérkennslu í hlutastarfi vegna tveggja barna á deildinni. Einn starfsmaður var í ótímabundnu veikindaleyfi.

Flæði gekk vel í vetur. Skipst var á að hafa flæði eitt og flæði tvö en það þýddi að deildin hafði með höndum listasmiðju í þrjár vikur og einingakubba/kubba í aðrar þrjár vikur. starfsmönnum fannst mun auðveldara að vera með kubbana því þar er álag talsvert minna. Börnin voru mjög ánægð með flæðið.

Hlutverk barna: Börnin á deildinni höfðu ákveðin hlutverk. Þau skiptust á að vera krúkkustjórar (sem má frekar kalla söngstjóra), fataklefastjórar og borðþjórar. Elstu börnin skiptust síðan á að vera ljósa- og vatnsverðir, flokkunarstjórar og trjáverðir en það voru verkefni sem tilheyrðu grænfánanum.

Ferðabangsinn, Fróði Lautarson heimsótti börnin í allan vetur og fékk hvert barn að hafa hann tvisvar. Með Fróða fylgdi autt blað sem barnið og/eða foreldri þess skráði hvað bangsi gerði með barninu og fékk það síðan skráninguna í ferilmöppuna eftir veturinn. Allir biðu spenntir eftir að fá Fróða heim með sér.

Persónubrúðurnar Marco og Kolbrún komu u.þ.b. einu sinni í mánuði í heimsókn til að fjalla um mál tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar fyrir utan komu þær tvisvar til að fjalla um einstök mál sem komu upp í barnahópnum. Einnig notuðum við Stig af stigi til að kenna börnunum að leysa vanda.

Útinám/ferðir gengu vel í vetur og minnkaði það álagið á deildinni. Hver hópur átti sinn dag í útinámi og nýtti hann m.a. fyrir ferðir í stofnanir og á viðburði. Regnbogahópur (elsti árgangurinn) fór t.d. í Sorpu,

Borgarleikhúsið, Húsdýragarðinn og á Barnamenningarhátíðina í Hörpu, svo eitthvað sé nefnt. Stjörnuhópur (árg. 2013) fór í húsdýragarðinn, Þjóðminja- og bókasafnið. Skýjahópur (árg. 2014) fór á bókasafnið.

Elstu börnin fóru í heimahaga og voru í samstarfi við Selásskóla sem gekk vel og var börnunum gagnlegt. Börnin fóru nokkrum sinnum í heimsókn í grunnskólann og nemendur úr Selásskóla heimsóttu leikskólann. Að þessu sinni fara öll elstu börnin í Selásskóla.



Málörvunarstundir: Á deildinni var leitast við að örva málþroska eftir ýmsum leiðum. Erfið orð og orðasambönd, sem við rákumst á í sögubókum, skrifuðum við niður, ræddum um þýðingu þeirra og settum inn í orðaforða okkar. Orð voru sett á athafnir, rímið var í hávegum haft og nýir söngtextar lærðir. Börnin voru hvött til að koma fram fyrir hópinn til að syngja og/eða leika. Föstudagssöngfundir leikskólans voru iðulega nýttir til að stíga á stökk. Árg. 2012 og '13 bauðst að syngja í kór sem tónmenntakennari stýrir. Börnin lærðu fjölmörg lög og texta sem örvar málþroskann, styrkir samheldni og eykur sjálfstraust. Elstu börnin tóku síðan þátt í sameiginlegu verkefni Tónskóla Sigursveins og annarra leikskóla í borginni sem endaði í frábærum tónleikum á Barnamenningarhátíð í Hörpu.



Deilarfundir voru að jafnaði haldnir aðra hverja viku. Farið var yfir fundargerðir stjórnendafunda frá því vikuna á undan og stundaskrá næstu viku skoðuð, rætt um einstök börn og aðgerðir samræmdar, farið yfir reglur, bent á agastefnu leikskólans, skráningar og ýmsar kannanir útfylltar.

Grænfáninn: Börnin í elsta árganginum (Regnbogahópi) voru í umhverfisnefnd leikskólans og, eins og áður segir, skiptast á hlutverkum. Þessi vinna gekk ágætlega en mætti vera meiri og markvissari. Öll börnin höfðu ánægu af því að fara út með rusl og föndra úr þeim gersemum sem verðlaus efni eru, þau voru meðvituð um að nota ekki of mikla sápu, spara vatn og fara vel með gróðurinn.

Í Heildina gekk vel á deildinni. Börnin fengu sinn morgunfund með upplýsingum um hvernig dagurinn gengi fyrir sig og hver sé með hvaða hlutverk. Flestir krakkarnir gátu leikið við hvern sem var og almennt voru þau góð við hvert annað, sýndu samkennd og hjálpsemi. Stundum bar þó á óróa og þurftu allir starfsmenn að vera vakandi og samstilltir í agamótun barnanna. Eins þarf að dreifa börnunum betur um deildina og gæta þess að þau sem eru óróleg trúfli ekki þau sem eru róleg og í góðum leik. Gott er að skipta börnunum í hópa og þyrfti að gera meira af því næsta vetur. Finna þarf verkefni sem hæfa þeim sem eru eirðarlaus. Nú klónum við bara fleiri kennara og þá verður þetta leikur einn.

Bali 3 – 5 ára börn

Aðlögun barna gekk vel haustið 2017 en börnin voru einmitt búin að koma í heimsókn í stuttan tíma áður. Í haust voru 18 börn á deildinni – tíu stúlkur og átta drengir – en í lok maí voru þau orðin 21, stúlkunum fjölgaði um tvær og drengjunum um einn.

Skipulagt starf eins og flæði hópastarf og fleira fór rólega af stað, persónubróðan kom einu sinni í mánuði, þemavinnan og Stig af stigi stóðst áætlun allan veturinn. Til stóð að hafa Lubbastundir í hópastarfinu eftir áramót en því miður gekk það ekki eftir sökum manneklu. Hefðum svo gjarnan viljað halda hópastarfinu betur inni því þar nást oft miklar gæðastundir en veikindi starfsmanna spyrja ekki að slíku. Haustönnin gekk betur en vorönnin hvað varðar að halda starfinu gangandi eins og lagt var upp með í byrjun vetrarstarfs. Þegar hins vegar plan A riðlast grípum við í plan B.



Hreyfing í sal, með íþróttakennara, var alltaf jafn vinsæl meðal barnanna og útinámið heppnaðist almennt mjög vel. Stundum var það bara í garðinum en oftast var farið út fyrir leikvöllinn.

Í salnum skapaðist oft hávaði vegna lélegrar hljóðvistar svo erfitt var að eiga rólega stund með börnunum, spila við þau og fleira en í lok febrúar hófst vinna við að laga það, öllum til

mikillar gleði.

Vel gekk að dreifa börnunum um deildina í frjálsa leiknum. Börnin eru öguð, einbeitt og mjög flink í verkefnum sem krefjast slíks t.d. eins og að perla eftir leiðbeiningum og byggja úr Legokubbum.

Á heildina gekk allt upp enda hugmyndaríkt starfsfólk á deildinni með mikla skipulagshæfileika.

Skólaárið 2018-2019

Við stefnum að sjálfsögðu að því að vinna jafn vel næsta skólaár og við höfum gert og bæta um betur.

Verkefni í Heiðarborg – ótæmandi upptalning		
Læsi og samskipti	- Læsisstefna - Leikritagerð - Sögugrunnur - Sögustundir - Bókaskot - Sýnilegt ritmál - Ferðabangsi - Bæklingar heim til foreldra - Skólabörn úr Selásskóla lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu - Rímleikir - Söngstundir - Samvinnuleikir - Lubbi finnur málbein - Markviss málörvun	Markmið - Bókakoffort - Bókaormur (Skráning á lestri) - Orðaskjóða (skritin orð)
Heilbrigði og vellíðan	- Agastefna leikskólans - Húsreglur - Hollur og næringarríkur matur - Samstarf við heilsugæslu hverfisins - Börnin læra sjálfstæð vinnubrögð - Ögrandi og krefjandi útivera - Hreyfing inni og úti - Stig af stigi - Rólegar stundir - Tannvernd - Umferðarfræðsla - Börnin læra sjálfstæð vinnubrögð - Börnin hafa val - Dans - Persónubróður/Engilráð	Markmið Innleiðing agastefnu - lokaáfangi
Sköpun og menning	- Listsköpun - Tónlistarstundir - Samstarf við Tónskóla Sigursveins - Ferðir á listasöfn - Margvíslegur efniviður - Menningarmót - Ferðabangsi - Látbragðsleikir - Fljúgandi teppi - Íslenskar hefðir (Þorrinn, 17. júní o.fl.) - Söngstundir - Vinna með ljóð	Markmið - Listagil endurvakið - Auka efnivið sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins
Sjálfbærni og vísindi	- Flokkun úrgangs - Grænfánaverkefnið - Stærðfræðiverkefni - Ljós og skugga þema - Kúluspil - Segulkubbar - Einingakubbar - Tilraunir - Skapandi ferli - Ferð í Sorpu - Perla eftir fyrirmynd - Útinám - Könnunarleikur - Ræktun og vinna með uppskeru - Bakstur	Markmið Blubot/Box island í stærðfræði/vísindum

3 Ytra mat

Á vorönn tók starfsfólkið þátt í viðhorfsskönnun Reykjavíkurborgar og var séð til þess að flestir gætu svarað.


STARFSMANNAKÖNNUN		
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur		
MATSPÁTTUR	STYRKLEIKAR	VEIKLEIKAR
Hæfir og áhugasamir starfsmenn (4,36 af 5)	- Starfsmenn vita til hvers er ætlast af þeim í starfi - Starfsmenn eru stoltir af vinnustað sínum - Fræðsla sem starfsmenn hafa fengist nýtist vel í starfi - Starfsmenn tilbúnir til að leggja mikið á sig þegar þörf er á	Starfsmenn hugsa meira um að hætta en áður
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi (4,32 af 5)	- Stuðningur vinnufélaga og stjórnenda góður - Þekkingarmiðlun meðal samstarfsfélaga mjög góð - Starfsandi mjög góður - Ánægja með markmið og stefnu leikskólans - Faglegar forsendur fyrir ákvörðunum - Jafnræði og jafnrétti ríkir á vinnustaðnum - Móttaka nýliða hefur batnað enn meir - Upplýsingaflæði hefur batnað mikið	- Vinnuálag mikið - Vinnuaðstaða ófullnægjandi
Starfsánægja (4,53 af 5)	- Ánægja í starfi - Starfsandi mjög góður	
Árangursríkir stjórnunarhættir (4,50 af 5)	- Leyst er úr ágreiningi sem kemur upp - Tekið er tillit til ábendinga starfsmanna - Starfsfólk fær tækifæri til að sækja starfsþróun - Starfsmenn fengu starfsþróunarsamtal	Starfsfólk upplifir eitthvað minna hrós og hvatningu

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Samkvæmt stefnu leikskólans hafa öll börn jafnan rétt til þátttöku í öllu starfi leikskólans en ávallt skal miðað við þarfir hvers og eins. Leitast skal við að starfið sé fjölbreytt og hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Börn hafa mismunandi getu, þroska og reynslu. Tekið er tillit til þarfa hvers barns þannig að það gat notið sín í hópi annarra barna.

Í leikskólanum er vel fylgst með þroska og líðan barnanna og þeim veittur sá stuðningur sem hvert og eitt þarfnast. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun þegar grunur er um seinkun eða skerðingu á þroska. Á starfsárinu 2017-2018 voru fimm börn með stuðning í leikskólanum og fjórir starfsmenn sinntu því hlutverki.

Allar sértækar aðgerðir varðandi einstaka barn voru gerðar í samráði við foreldra. Þjónustumiðstöð Árbæjar var til ráðgjafar og handleiðslu, ásamt því að sjá um frumgreiningar og vísa áfram til annarra stofnana. Teymisfundir voru haldnir reglulega fyrir öll börn með sérkennslu, þá sátu foreldrar, sérkennslustjóri, deildarstjóri, sérkennari og ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð og víðar, eftir því sem við átti. Foreldrar gátu óskað eftir ráðleggingum eða aðstoð hvort heldur sem var á teymisfundum eða utan þeirra. Leikskólinn leitaðist alltaf við að aðstoða foreldra eftir bestu getu, hvort heldur sem var að vísa á rétta staði, finna viðeigandi námskeið eða hvað annað sem þörf var á. Oft þurftu foreldrar af erlendum uppruna fjölbreytta aðstoð eins og við að skrá börn á biðlista hjá talmeinafræðingi eða sækja um pláss í Frístund, svo dæmi séu tekin.



Að öllu jöfnu eru málörvunarhópar í boði fyrir börn með slakan málþroska og íslensku sem annað mál.

Börn með stuðning fengu ítarlegri einstaklingsnámskrá en önnur, áherslupættir voru endurskoðaðir eftir þörfum. Sérkennslustjóri og sérkennari, í samvinnu við foreldra, unnu að markmiðum og leiðum í vinnu með barnið samkvæmt þörfum undir handleiðslu sérfræðinga. Einstaklingsnámskráin var uppfærð reglulega af sérkennara sem notaði hana við skipulag á vinnu sinni með viðkomandi barni. Allt starfsfólk deildarinnar var einnig meðvitað um markmið í einstaklingsnámskrám. Markmið með stuðningi er að virkja barnið í leik og starfi og að það nái sem mestum þroskaframförum. Stuðningstímar fara fram í daglegu starfi deildarinnar, í minni hópum eða einstaklingslega, allt eftir þörfum hvers og eins.

Því miður reyndist erfitt að halda málörvunarhópum gangandi í vetur eins og við hefðum viljað vegna manneklu. Öll sérkennsla og stuðningur gengu vel að öðru leiti, unnið var eftir verkferlum og öllum málum fylgt vel eftir.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Aðstoðarleikskólastjóri var skráður tengiliður fjölmennningar í Heiðarborg og sérkennslustjórinn hélt utan um eftirfylgnina. Öll börn með íslensku sem annað mál fá sérstakar málörvunarstundir ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum. Vegna veikinda var því miður minna um skipulagðar málörvunarstundir en við hefðum viljað síðastliðin vetur.

Í salnum okkar var sett upp mynd þar sem orðið „velkomin“ kemur fyrir á ýmsum tungumálum og önnur mynd af tré prýtt mörgum þjóðfánum. Keyptir voru litlir fánar sem notaðir voru þegar börnin áttu afmæli og trélitir í alls konar húðlitum.



Ferðabangsi fór heim með öllum börnum og hafði með sér bók sem hann vildi láta lesa fyrir sig. Við höfum lagt áherslu á að leikskólinn keypti bækur á tungumálum barnanna. Á þennan hátt náðum við m.a. að tengja skóla og heimili og hvetja til samveru og lestrar.

Á vorönn ár hvert hefst prógramm er nefnist *Fljúgandi teppi*. Þá bárust til okkar bréf frá krökkum úti í hinum stóra heimi (bréfin samin og skrifuð af kennurum) sem segja okkur frá aðstæðum sínum. Bréfin voru tengd Grænfánaverkefninu og var þá innihald þeirra í samræmi við það. Þetta árið lögðum við m.a. áherslu á hvaðan maturinn kæmi. Í lok verkefnisins var haldið menningarmót og komu þá foreldrar og starfsmenn með bakkelsi er tengjast þeirra menningu.

Fjölmennning		
Verkefni í Heiðarborg – ótæmandi upptalning		Markmið
Læsi og samskipti	- Túlkabjónusta í boði á öllum fundum og viðtölum - Bækur á ólíkum tungumálum - Myndrænt dagsskipulag - Myndrænar reglur - Málörvun - Hljóðaspil	
Heilbrigði og vellíðan	- Samfélagsverkefni - Margbreytileiki í leikefni	- Muna eftir að bjóða upp á fjölbreytta húðtóna - Fjölbreyttir fánar á afmælum
Sjálfbærni og vísindi	- Fljúgandi teppi - Útinám	Frá hvaða löndum koma börni í leikskólannum – skoða landakortið
Sköpun og menning	- Menningarmót - Heimamenning	

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra á tímabilinu mars til maí. Gert var ráð fyrir klukkustund í hvert samtal og voru þau tekin á þeim tíma sem hentaði starfi leikskólans best. Almenn ánægja var meðal starfsmanna en þeir þreyttir vegna manneklu vetrarins. Gleði, jákvæðni og samvinna einkenndi hópinn. Starfsmönnum finnst hæfileikar þeirra nýtast vel í starfi og hugmyndir þeirra fá hljómgrunn.

Mikilvægt að færa listagilið aftur inn á Læk. Hafa færri börn og meira rými svo auðveldara sé að hafa gæðastundir. Þörf er á að skipta um gólfefni í fataherbergi (flísarnar hálar), láta laga þennan mikla hitamun sem er á einni deildinni (of kalt á veturna og steikjandi heitt á sumrin) og að hljóðeinangrun verði bætt.

Búið er að færa Listagilið inn á Læk og bæta hljóðvist í sal.



Símenntun frá síðasta ári

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
AEPS	23 klst.	Sérkennslustjóri	Vetur 2017-'18
Trúnaðarmannanámskeið	8 klst.	Trúnaðarmaður FL	Haust 2017
Lubbi finnur málbein	8 klst.	Leiðbeinandi	September 2017
Heilsueflandi stjórnun	3 klst.	skólastjórnendur	Nóvember 2017
SAP	3 klst.	Aðst.leiksk.stj.	Október 2017
Öryggistrúnaðarnámskeið	14 klst.	Skólastjórnendur	Jan./mars 2018
Markaðsmál samfélagsmiðla	2 klst.	Skólastjórnendur	Janúar 2018
Streita og streitutengd vandamál	2 klst.	Skólastjórnendur	Febrúar 2018
Leikskólaráðstefna	4 klst.	Deildarstjóri og aðst.leiksk.stj.	Febrúar 2018
Blubot forritun	3 klst.	Allt starfsfólk	Mars/maí 2018
Skyndihjálp	4 klst.	Allt starfsfólk	Mars 2018
Vinnuvernd	3 klst.	Allt starfsfólk	September 2017

Á næsta starfsári fáum við fræðslu hjá Fríðu Bjarneyju um vinnu með tvítyngdum börnum og Arndísi Þorsteinsdóttur um agastefnu okkar. Einnig mun Vanda Sigurgeirsdóttir vera með eineltisfræðslu sem er sameiginleg með öðrum leikskólum í hverfinu. Allt starfsfólk mun sækja leikskólaráðstefnuna 7. febrúar 2019 og ráðgert er að nýta starfsdag í lok maí til að skoða nokkra leikskóla á Akureyri.

7 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru fjórir fulltrúar foreldra sem eru kosnir á foreldrafundi að hausti. Foreldraráð fundar nokkrum sinnum yfir árið, þar af tvisvar með leikskólastjóra.

Foreldrafundur er haldinn að hausti. Þar fer fram kynning á vetrarstarfi leikskólans og áherslupáttum hans. Á sama tíma er aðalfundur foreldrafélagsins haldinn og kosið í stjórn þess. Auglýst er eftir fulltrúum í foreldraráð, foreldrafélag og umhverfisnefnd.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og vori. Í viðtalinu meta deildarstjórar í samvinnu við foreldra stöðu barnsins og útbúa einstaklingsnámskrá. Viðtölin eru u.þ.b. 15 mínútna löng og fenginn er túlkur fyrir þá foreldra sem þessa þurfa.

Foreldrafélag er virkt í leikskólanum. Miðað er við einn fulltrúa af hverri deild. Það stendur fyrir og/eða kostar ýmsa viðburði börnunum til ánægju t.d. danskennslu, leikrit, jólasvein o.fl.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf leikskólans við Selásskóla verður eins og undanfarin ár. Nemendur í 1. bekk heimsækja gamla leikskólann sinn í október-nóvember. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur í 5. bekk og lesa fyrir börnin. Elstu börn leikskólans heimsækja 1. bekk í litlum hópum frá janúar til mars og taka þátt í kennslustund. Skólasafn og heimsókn í íþróttatíma stendur til boða og þurfa leikskólakennarar að óska eftir þeim heimsóknum. Aðgangur að íþróttahúsi í skólafríum stendur nágrannaleikskólum til boða og hefur dögm verið skipt niður milli leikskólanna sem nýta þá eftir hentugleika. Nánara skipulag lítur dagsins ljós í haust. Skilafundur fer fram í leikskólanum um miðjan maí þar sem aðstoðarskólastjóri Selásskóla og verkefnastjóri sérkennslu fá upplýsingar um nemendur sem færast milli skólastiga. Þá er t.d. talað um vinatengsl, kynntar niðurstöður úr HLJÓM- 2 og fleira. Foreldrar koma svo með börnum sínum í vorskóla og fá kynningu á starfsemi skólans og skólabyrjun.

Áfram verður unnið að þróunarverkefninu *Stígur á milli stiga*. Elstu börnin halda áfram að hitta jafnaldra sína frá Blásölum og Rauðaborg ásamt 1. bekkingum í Selásskóla í Heimahögum. Fulltrúar frá öllum skólum sitja í nefnd um heimahaga og skipuleggja verkefnið.

9 Skipulagsdagar 2018-2019 verða sex.

- 14. september
- 12. nóvember (sameiginlegur í Árbæ)
- 7. janúar
- 7. febrúar (sameiginlegur í Árbæ)
- 22. mars (sameiginlegur í Árbæ)
- 31. maí

Skipulagsdagarnir verða nýttir fyrir námskeið, fundi, skipulag og heimsóknir í aðra leikskóla.



10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

Innra mat leikskólans – Stjórnendateymi

	Já	Nei	Að nokkru leiti rétt
Er mat og ígrundun á starfsháttum okkar liður í daglegu starfi?			
Er matið íþyngjandi?			
Eru nýttar fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun við innra mat?			
Er gagna aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefnum?			
Er gagna aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá?			
Er framkvæmd innra mats samstarfs verkefni þeirra sem starfa í leikskólanum?			
Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur?			
Eru niðurstöður úr innra mati formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum?			

Er umbótaáætlun í samræmi við niðurstöður innra mats?			
Er brugðist við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf, þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru?			
Er umbótum kerfisbundið fylgt eftir?			
Getur starfsfólk og foreldrar á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til?			

Umhverfismennt

	Já	Nei	Að nokkru leiti rétt
Er leikskólinn að taka þátt í samfélagsverkefnum og/eða góðgerðastarfsemi?			
Erum við að hvetja börnin til að flokka rusl, spara rafmagn, spara vatn, vernda gróður?			
Teljið þið að í leikskólanum sé verið að kenna börnunum virðingu fyrir umhverfi sínu?			
Teljið þið að börnin geri sér grein fyrir að þau geta haft áhrif á náttúruna með gjörðum sínum?			
Er börnunum bent á fyrirbæri í náttúrunni, hringrásir, veðurfari, eðli ýmissa krafta, eiginleikum hluta og efna?			
Er börnunum bent á lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra?			
Er börnunum kennt um auðlindir í náttúrunni og hvernig nýta beri þær?			
Fá börnin tækifæri til uppgötvana og rannsókna úti í náttúrunni?			
Eru þið með tillögur um hvernig hægt sé að bæta umhverfismenntun barna?			

Telur þú að matarsóun viðgangist í leikskólanum? Eru þið með hugmyndir um hvernig draga megir úr henni?			
Teljið þið að um sé að ræða óþarfa pappírseyðslu? Eru þið með hugmyndir um hvernig megir draga úr pappírseyðslu?			

Samstarf við foreldra af erlendum uppruna

Hugsið um samstarf ykkar við foreldra af erlendum uppruna og svarið spurningunum hér fyrir neðan:

	Já	Nei	Að nokkru leiti rétt
Er gott og gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli foreldra og starfsfólks? Bæði formlegt og óformlegt?			
Eru foreldrar upplýstir um líðan og stöðu barns/barna sinna?			
Hafa foreldrar góðan aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið?			
Er foreldrum tryggð túlkajónusta þegar það á við til að nauðsynlegar upplýsingar komist til skila?			
Er starfsfólk lausnamiðað í samskiptum við foreldra og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta við þá?			
Eru hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum á heimasíðu leikskólans?			
Taka foreldrar af erlendum uppruna virkan þátt í viðburðum á vegum skólans?			
Eru foreldrar hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess?			

Viðmót og menning Leikskólans

	Já	Nei	Að nokkru leiti rétt
Er andrúmsloftið í leikskólanum afslappað og notalegt?			
Ríkir jákvæður andi og gleði í húsinu?			
Einkennast samskipti allra af kurteisi, gagnkvæmni virðingu og umhyggju?			
Er virðing borin fyrir einstaklingnum og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða?			
Er starfsfólk samhent í starfi?			
Hefur starfsfólk trú á getu og hæfni allra barna?			
Endurspeglast gildin sem leikskólinn stendur fyrir (vinátta, gleði, virðing) í verkum og viðhorfum starfsfólks?			
Er starfsfólk að fylgja samskiptasáttmála Heiðarborgar?			

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: **Heiðarborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M sumarlokun	1 L	1 M	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F Heilbrigði og hreysti	1 M Fuglar og dýr	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M Skil & starfsáætlun
2 F sumarlokun	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F Menning og samfélag	2 S Sjómannadagurinn	2 Þ
3 F sumarlokun	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M Sumarskólinn byrjar	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ umhverfisnefndarfundur	4 F	4 M Gamli tíminn	4 M Bolludagur	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M dans 14:00-15:30	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F Blár dagur	5 S	5 M	5 F
6 M Fridagur verslunarmanna	6 F	6 L	6 Þ umhverfisnefndarfundur	6 F	6 S brettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Öskudagur	6 L	6 M Þjófandi teppi	6 F	6 L
7 Þ sumarlokun	7 F	7 S	7 M dans 14:00-15:30	7 F	7 M starfsdagur	7 F starfsdagur(sameiginlegur)	7 F	7 S	7 Þ	7 F útskrift elstu barnanna	7 S
8 M sumarlokun	8 L Dagur læsis	8 M	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 L	8 Þ Ljós og skuggi	8 F Harmonikkuball	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F leikskólinn opnar kl. 12:00	9 S	9 Þ umhverfisnefndarfundur	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ Barnamenningarhátíð	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M Barnamenningarhátíð	10 F	10 M Annar í hvítasunnu	10 M
11 L	11 Þ umhverfisnefndarfundur	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F Barnamenningarhátíð	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F Bleikur dagur	12 M Starfsdagur(sameiginlegur)	12 M danssýning og kaffi	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F Barnamenningarhátíð	12 S	12 M	12 F
13 M aðlögun hefist	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L Barnamenningarhátíð	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F starfsdagur	14 S	14 M dans 14:00-15:30	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmasunnudagur	14 Þ	14 F Sumarhátíð	14 S
15 M	15 L	15 M Læsifjöldmárátt	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M Mottudagur	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M vetrarstarf hefist	17 M	17 L	17 M jólaball	17 F	17 S Konudagur	17 S	17 M	17 F menningarmót	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ vetrarleyfi grunnskóla	18 F vetrarleyfi grunnskóla	18 S	18 Þ	18 F	18 M konudagskaffi	18 M	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F vetrarleyfi grunnskóla	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F Grænn dagur	21 S	21 M dans 14:00-15:30	21 F	21 M	21 F Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F	21 S Páskadagur	21 Þ	21 F Gulur dagur	21 S
22 M skólaásetning grunnskóla	22 L	22 M vetrarleyfi grunnskóla	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F starfsdagur(sameiginlegur)	22 M Annar í páskum	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ umhverfisnefndarfundur	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M slökkvili. heimsækir regnb.h.	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jólardagur	25 F Bóndad./bóndadagskaffi	25 M vetrarleyfi grunnskóla	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti umhverfisdagur	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 M jöl	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ umhverfisnefndarfundur	26 Þ umhverfisnefndarfundur	26 F	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi þingsadagurinn	27 Þ Bókunarvika	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F	28 S	28 M dans 14:00-15:30	28 F	28 M tanntæknivika	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F Drullumalladagur	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ umhverfisnefndarfundur		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M Hvítur dagur		30 L	30 Þ	30 F Uppstigningardagur	30 S	30 Þ
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F starfsdagur		31 M

Álitagerð foreldraráðs

Foreldraráð Heiðarborgar hefur lesið yfir starfsáætlun Heiðarborgar og hefur eftirfarandi umsögn fram að færa.

Foreldraráð er ánægjulegt að það sé starfandi umhverfisnefnd í leikskólanum með eldri börnunum, en starf hennar mætti etv. vera virkara eða meira áberandi. Það er margt gott sem þessi nefnd hefur unnið. Hún kennir börnunum mikilvægi umhverfisverndar, og hefur skapað áhugaverð verkefni eins og að vigta afgangsmat af diskum til að sjá matarsóun þar sem keppt var á milli deilda. Foreldraráð er ánægt með þátttöku starfsfólks og barna í eldhús og matarverkefnum, eins og sultun rifsberja og rabbabara úr garðinum, og tengist það starf vel umhverfisstefnu leikskólans.

Einn af styrkleikjum leikskólans er menningar-, sköpunar- og tónlistarstarf, sem gefur börnunum mikið. Foreldraráði finnst þó vanta meiri fræðslu og miðlun um starfið á leikskólanum til foreldra, eins og t.d. með reglulegu fréttabréfi. Það er margt gott starf gert í leikskólanum en við erum ekki viss um hvort að allir foreldrar geri sér grein fyrir því. Eins leggjum við áherslu á mikilvægi þess að passað sé upp á samskipti við erlenda foreldra, þ.e. upplýsingaflæði. Þeir virðast verða svolítið utan við. Eins er ekki ljóst hvort að upplýsingaflæði um starfið sé sambærilegt eftir deildum. Mun á magni upplýsinga má til dæmis sjá á lýsingum deilda á starfinu á árinu í núverandi starfsáætlun.

Foreldraráð er ánægt með að viðhaldið sé reglulegu innra mati á starfi skólans og að reynt sé að halda því skipulegu og yfgrípsmiklu en ekki of íþyngjandi. Starfsfólk og stjórnendur vinna vel að því að halda starfinu faglegu, skapandi og fjölbreytilegu. Foreldraráði þætti jákvætt að upplýst væri hvort, og þá hvaða, endurmenntun starfsfólki stendur til boða.

Foreldraráði þykir miður hvað gott starf hefur fallið niður út af manneklu eins og t.d. málörvunarhópar sem eru afar mikilvægir. Hins vegar þykir okkur mikill styrkur í því að góður starfsandi hafi haldist í vetur og að starfsfólk nái að styðja vel við hvort annað. Við höfum skynjað að börnunum líður vel á leikskólanum og þar er tekið vel á móti þeim hvern dag. Starfsfólk virðast vera mjög jákvætt þrátt fyrir álag. Við veltum fyrir okkur hvort eitthvað sé hægt að gera til að fá fleira starfsfólk

Okkur þykir mikilvægt að einstaklingar í foreldraráði endurspegli börn af öllum aldri eða deildum leikskólans. Við viljum því auglýsa eftir nýjum meðlimum í foreldraráðið á næsta kynningarfundum foreldra, þar sem núverandi meðlimir eru allir með börn á sama aldri. Gott væri ef í foreldraráð væri a.m.k. eitt foreldri fyrir hverja deild leikskólans. Við teljum slíkt nauðsynlegt til að hafa betri yfirsýn og skyn á daglegt starf leikskólans yfir veturinn.

Foreldraráð Heiðarborgar,

Andrea Ída Jónsdóttir

Erla Svansdóttir

Eva Björk Axelsdóttir